

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur mánudaginn 4. mars 2013 í máli nr. E-4646/2011:

SPB hf.

(Þóra Jónsdóttir hdl.)

gegn

Runólfi Ágústssyni

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

Mál þetta, sem höfðað var 26. október 2011, var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 4. febrúar 2013.

Stefnandi er SPB hf. (áður Sparisjóðabanki Íslands hf.), Rauðarárstíg 27, Reykjavík en stefndi er Runólfur Ágústsson, Þingholtsstræti 14, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að rift verði með dómi greiðslum stefnanda til stefnda, annars vegar 1. júlí 2008 að fjárhæð 25.000.000 krónur og hins vegar 2. janúar 2009, að fjárhæð 54.078.125 krónur eða samtals 79.078.125 krónur. Stefnandi krefst þess einnig að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 79.078.125 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 25.000.000 krónum frá 1. júlí 2008 til 2. janúar 2009 en af 79.078.125 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist að því er varðar dráttarvexti samkvæmt tilvitnaðri lagagrein, að þeir greiðist af 79.078.125 krónum frá 20. október 2010 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

I

Stefnandi máls þessa er fjármálafyrirtæki í slitameðferð. Liggur fyrir í málinu að Fjármálaeftirlitið ákvað 21. mars 2009 að taka yfir vald hluthafafundar stefnanda, víkja stjórn hans frá og skipa honum skilanefnd í samræmi við þágildandi ákvæði 100. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008. Stefnanda var veitt heimild til greiðslustöðvunar 23. mars 2009 og átti hún að standa til 15. júní sama ár. Áður en sá tími var á enda runninn var honum skipuð slitastjórn 19. maí 2009 samkvæmt 4. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 44/2009 og 4. tölulið ákvæðis II til bráðabirgða við þau lög. Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002 ráðstafar slitastjórn hagsmunum fjármálafyrirtækis sem er til slitameðferðar eftir sömu reglum og gilda um bústjórn skiptastjóra samkvæmt lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Í samræmi við ákvæði 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002 gilda

öll ákvæði XX. kafla laga nr. 21/1991, sem fjalla um riftun ráðstafana þrotamanns, við slitameðferð fjármálafyrirtækis, með nánar greindum undantekningum sem ekki skipta máli hér. Er mál þetta höfðað á grundvelli framangreindrar lagaheimildar og er ekki ágreiningur um að málið er höfðað innan lögmæltis frests.

Ágreiningur í máli þessu á rót að rekja til kaupsamnings aðila 15. apríl 2008 þar sem stefnandi keypti af stefnda Fjárfestingarfélagið Teig ehf. og skyldi greiða samtals 357.239.461 krónu fyrir félagið. Kaupverðið skiptist þannig að fyrir hina seldu hluti voru greiddar 300.999.997 krónur, en 56.239.464 krónur fyrir kröfu stefnda á hendur félaginu. Eina eign Fjárfestingarfélagsins Teigs ehf. var hlutur í Háskólavöllum hf., að nafnvirði 54.000.000 krónur, sem þá var 10% af hlutafé þess félags.

Greiðsla kaupverðs skyldi fara þannig fram að við undirritun skyldu greiðast 25.000.000 krónur með peningum. Jafnframt skyldi stefnandi yfirtaka kröfu stefnda á hendur Fjárfestingarfélaginu Teigi ehf. að fjárhæð 56.239.464 krónur, með því að greiða samsvarandi skuld stefnda við Sparisjóð Mýrasýslu. Einnig hafi átt að greiða 100.999.997 krónur sem stefndi átti að ráðstafa til að auka hlutafé í Obduro ehf., sem hafi verið félag í eigu stefnda. Obduro ehf. hafi síðan átt að greiða skuld við SPRON hf. og Byr sparisjóð að sömu fjárhæð, sem tilkomin hafi verið vegna kaupa Obduro ehf. á hlutum í stefnanda skv. kauptilboði 10. október 2007. Þá hafi stefnandi átt að greiða stefnda 25.000.000 krónur 1. júlí 2008, 50.000.000 krónur 1. janúar 2009, 50.000.000 krónur 1. júlí 2009 og 50.000.000 krónur 1. janúar 2010. Greiðslur á gjalddaga 1. janúar 2009, 1. júlí 2009 og 1. janúar 2010 hafi átt að bera 12,5% ársvexti frá undirskrift kaupsamningsins til greiðsludags. Til frádráttar kaupverðinu og síðustu greiðslu skv. kaupsamningnum, hafi átt að koma 210.000 krónur sem hafi verið yfirdráttarskuld Fjárfestingarfélagsins Teigs ehf. hjá Kaupþingi hf.

Greiðslur samkvæmt nefndum kaupsamningi hafa verið inntar af hendi að hluta, þannig að eftir standa 100.000.000 krónur sem áttu samkvæmt samningnum að greiðast í tveimur jöfnum greiðslum ásamt nánar greindum vöxtum 1. júlí 2009 og 1. janúar 2010. Stefndi hefur lýst kröfu í slitabú stefnanda vegna umræddra greiðslna. Slitastjórn stefnanda hefur fallist á kröfuna en skipað henni í réttindaröð sem eftirstæðri kröfu samkvæmt 114. gr. laga nr. 21/1991 þar sem um gjöf hafi verið að ræða í skilningi þess ákvæðis, sbr. og 131. gr. sömu laga. Stefndi krefst þess á hinn bóginn aðallega að krafan verði viðurkennd sem forgangskrafa samkvæmt 1. og 2. mgr. 112. gr. sömu laga, til vara sem veðkrafa samkvæmt 111. gr. laganna en til þrautavara sem almenn krafa skv. 113. gr. laganna. Ágreiningi vegna kröfulýsingar stefnda var vísað til dómsins með bréfi slitastjórnar stefnanda 6. júní 2011 og hefur verið um hann fjallað hér fyrir dómi í máli nr. X-166/2011 milli sömu aðila. Hefur nefnt ágreiningsmál verið rekið samhliða þessu og er úrskurður í því einnig kveðinn upp í dag af sömu dómurum og dæma þetta mál.

Ágreiningur þessa máls á sömu rætur og varðar um flest sömu atvik. Eins og ráða má af kröfugerð stefnanda freistar hann þess í málinu að rifta greiðslum sem hann innti af hendi, á grundvelli framangreinds kaupsamnings, annars vegar 1. júlí 2008 að fjárhæð 25.000.000 krónur og hins vegar 2. janúar 2009 að fjárhæð 50.000.000 krónur auk umsaminna 12,5% vaxta á þá greiðslu að fjárhæð 4.078.125 krónur. Þá krefst hann greiðslu samsvarandi fjárhæða úr hendi stefnda með nánar greindum dráttarvöxtum. Stefnandi telur báðar þessar greiðslur riftanlegar á

grundvelli 131. gr. laga nr. 21/1991 þar sem þær feli í sér gjöf til stefnda í skilningi þess ákvæðis. Þá byggir stefnandi einnig á að síðari greiðslan sé riftanleg á grundvelli 139. gr. sömu laga þar sem hún hafi verið greidd eftir frest dag við slitameðferð stefnanda. Hann telur greiðsluna einnig riftanlega á grundvelli 141. gr. sömu laga. Stefndi hafnar því á hinn bóginn að skilyrði séu til að telja kaupverð samkvæmt umræddum kaupsamningi fela í sér gjöf honum til handa og kveður kaupverð hafa verið ákveðið með hliðsjón af þeirri hagnaðarvon sem stefnandi hafi á þeim tíma séð í kaupunum. Þá hafnar hann því einnig að skilyrði geti talist til að rifta umræddum greiðslum á grundvelli 139. eða 141. gr. laga nr. 21/1991. Hann byggir einnig á því að útistandandi greiðslur samkvæmt kaupsamningnum hafi frá gerð samningsins verið varðveittar á innlánsreikningum hjá stefnanda á nafni stefnda og hafi kröfurnar af þeirri ástæðu stöðu sem forgangskröfur skv. 1. og 2. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Af hálfu stefnanda er því lýst að þar sem þrjár síðustu greiðslurnar samkvæmt kaupsamningi aðila hafi átt að bera vexti hafi verið stofnaðir þrír „peningamarkaðsinnlánsreikningar“ hjá stefnanda og hafi þeir verið skráðir á nafni stefnda. Þetta hafi verið gert til hægðarauka fyrir stefnanda svo auðveldara væri fyrir starfsmenn hans að halda utan um vaxtaútreikning greiðslanna, en ekki hafi verið kveðið á um þetta í samningi aðila. Þann 11. nóvember 2008 hafi umræddum reikningum verið breytt í bundna innlánsreikninga með 12,5% vöxtum, að beiðni þáverandi bankastjóra. Þá lýsir stefnandi því að þegar Fjármálaeftirlitið hafi 21. mars 2009 tekið ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda stefnanda til Nýja Kaupþings banka hf. og Seðlabanka Íslands hafi innstæðum verið ráðstafað til umræddra banka. Hafi stjórn stefnanda í samráði og með samþykki Fjármálaeftirlitsins verið falið að hrinda ákvörðuninni í framkvæmd, þ. á m. að staðreyna þau innlán sem féllu undir gildissvið annars vegar 1.-2. töluliðar nefndrar ákvörðunar og hins vegar 3. töluliðar hennar, sbr. 6. tl. hennar. Innstæður reikninga á nafni stefnda, sbr. ofangreint, hafi því ekki verið fluttar yfir til Nýja Kaupþings banka hf. þar sem starfsmenn stefnanda hafi talið að í reynd væri um kröfur að ræða samkvæmt kaupsamningi, sem til hægðarauka hefðu upphaflega verið settar inn í kerfi stefnanda sem „peningamarkaðsinnlán“.

Slitastjórn stefnanda tilkynnti stefnda með bréfi 20. september 2010 að á fundi 30. ágúst sama ár hafi verið tekin endanleg ákvörðun um að samþykkja 100.000.000 króna kröfu hans sem eftirstæða kröfu við slitameðferðina en hafna því að henni bæri rétt hæð sem forgangskrafa eða almenn krafa. Þá var einnig tilkynnt sú ákvörðun að slitastjórn hygðist rifta þeim greiðslum sem farið hefðu fram 1. júlí 2008 og 2. janúar 2009 að fjárhæð sem að framan hefur verið rakin. Með bréfinu var riftun lýst yfir og stefndi krafinn um greiðslu. Afstaða slitastjórnar er og rökstudd í bréfinu. Fyrir liggur að til grundvallar afstöðu slitastjórnar lá m.a. rannsókn endurskoðunarfyrirtækisins PWC sem slitastjórnin lét framkvæma en samantekt þeirrar rannsóknar liggur fyrir í málinu. Það var álit umrædds fyrirtækis að verðmæti hins keypta félags hefði að réttu ekki átt að vera hærra en 54.000.000 krónur. Stefnandi fékk og í máli nr. X-166/2011 dómkvadda tvo matsmenn til að meta verðmæti umrædds félags á kaupsamningsdegi 15. apríl 2008. Er matsgerð þeirra dagsett 20. ágúst 2012 og liggur hún fyrir í máli þessu. Niðurstaða matsmanna var að verðmæti félagsins hefði á umræddum degi legið á verðbilinu

16.182.399 krónur til 47.171.587 krónur. Stefndi telur að fyrirliggjandi matsgerð sem og álit PWC feli í sér eftiráskýringar á verðmæti en endurspegli ekki þær væntingar sem uppi hafi verið þegar kaupin hafi átt sér stað og ráðið hafi kaupverði.

Eins og ágreiningur aðila liggur fyrir deila þeir ekki um að gildur samningur hafi komist á milli þeirra og ekki er heldur deilt um fjárhæðir. Snýst deilan því í raun um hver skuli vera rétt hæð greiðslna samtals að fjárhæð 175.000.000 krónur, að viðbættum umsömdum 12,5% vöxtum frá nánar greindum gjalddögum en þá vexti hefur stefnandi að hluta greitt eins og fyrr er nefnt. Af málalíbúnaði stefnanda má sjá að hann hyggst una við að hafa greitt samtals 182.239.461 krónu í endurgjald fyrir hið keypta félag en byggir á því í málinu að greiðsla umfram þá fjárhæð sé gjöf í skilningi 131. gr. laga nr. 21/1991 og beri því að færa undir 114. gr. laganna sem eftirstæða kröfu. Liggur þá fyrir að verði á riftunarkröfu stefnanda fallist og stefndi dæmdur til endurgreiðslu umræddra fjárhæða ætti hann þess kost að lýsa kröfu vegna þessara þátta kaupsamnings aðila og má ætla að sú krafa fengi sömu stöðu í réttindaröð og sú krafa sem fjallað er um í máli X-166/2011, sbr. 143. gr. laga nr. 21/1991. Fléttast sakarefni málanna því mjög saman og verður að telja kjarnatriði í ágreiningi aðila að skera úr um hvort í umræddum kaupsamningi felist gjafagerningur í skilningi 131. gr. laga nr. 21/1991.

Hér á eftir verður rakið nokkuð hvernig málsaðilar lýsa hvor um sig aðdraganda samnings aðila. Byggja báðir á sömu málskjölnunum en leggja nokkuð ólíka merkingu í þau atvik sem þar koma fram.

Stefnandi lýsir forsögu framangreindra viðskipta málsaðila með þeim hætti að í október 2007 hafi byrjað viðræður milli forsvarsmanna Behrens fyrirtækjaráðgjafar ehf., þeirra Sigurðar Smára Gylfasonar (hér eftir nefndur SSG) og Aðalsteins Gunnars Jóhannssonar (hér eftir nefndur AGJ), og stefnda um sölu stefnda á hlut hans í Fjárfestingarfélaginu Teigi ehf., en stefnandi hafi síðar keypt Behrens fyrirtækjaráðgjöf ehf. af þeim SSG og AGJ. Á sama tíma, haustið 2007, hafi þáverandi hluthafar stefnanda, hinir ýmsu sparisjóðir, staðið að sölu hlutafjár í stefnanda. Telur stefnandi rétt að geta þess að stefndi og SSG og AGJ muni hafa verið vel kunnugir áður en til framangreindra viðskipta hafi komið. Þá kveður stefnandi fyrrverandi bankastjóra stefnanda, Agnar Hansson, einnig hafa verið í kunningjatengslum við stefnda á umræddum tíma. Stefnandi telur ljóst að frá upphafi viðræðna milli SSG og AGJ og stefnda hafi viðskiptin átt að vera tvíþætt, þar sem stefndi hafi annars vegar boðist til að selja hlut sinn í Fjárfestingarfélaginu Teigi ehf. og hins vegar til að kaupa 1% hlut í stefnanda. Þegar í október 2007 hafi verið gert ráð fyrir að stefndi gæti keypt hlutafé í stefnanda fyrir um 300 milljónir króna og að eiginfjárbörf þeirra viðskipta næmi um 100 milljónum króna. Jafnframt komi fram í öllum samskiptum SSG, AGJ og stefnda að afrakstur af sölu stefnda á Fjárfestingarfélaginu Teigi ehf. myndi standa undir greiðslu á eiginfjárframlagi félags hans, Obduro ehf., til seljenda hlutafjár í stefnanda (SPRON), sem hafi átt að inna af hendi 31. mars 2008. Kveður stefnandi að stefndi hafi lagt á það áherslu í samskiptum sínum við SSG og AGJ að þeir létu „málið líta þannig út“ að þeir hafi nálgast hann en ekki öfugt, en þetta komi fram í tölvupósti sem liggja fyrir í málinu. Stefnandi kveður í málavaxtalýsingu sinni að fyrrverandi bankastjóri stefnanda, Agnar Hansson, hafi staðfest í skýrslutöku hjá slitastjórn stefnanda að fjárhæð kaupsamnings stefnanda á bréfum í Fjárfestingarfélaginu Teigi ehf. hafi verið tengd viðskiptum stefnda með hlutabréf í stefnanda, í gegnum félag hans Obduro ehf.

Fyrirverandi bankastjóri hafi einnig talið miklar líkur á því að stefndi hafi selt hlutabréf í Fjárfestingarfélaginu Teigi ehf. til þess að standa undir kaupum á hlutabréfum í stefnanda. Þá hafi fyrirverandi bankastjóri staðfest í skýrslutökunni þá skoðun stefnanda að einkennilegt væri að í kaupsamningi um Fjárfestingarfélagið Teig ehf. hafi verið kveðið á um ráðstöfun til að auka hlutfé í Obduro ehf., til greiðslu skulda við SPRON. Í upphafi hafi þeir SSG og AGJ ásamt stefnda gert ráð fyrir því að Fasteignafélag Suðurnesja ehf. myndi kaupa hlut stefnda í Fjárfestingarfélaginu Teigi ehf. og hafi sú tillaga verið samþykkt af stjórn Fasteignafélags Suðurnesja ehf., með fyrirvara um fjármögnun Sparisjóðsins í Keflavík, þann 31. október 2007. Fasteignafélag Suðurnesja ehf. hafi þá verið að 40% hlut í eigu þeirra SSG og AGJ. Hafi Fasteignafélag Suðurnesja leitað til nefnds sparisjóðs um fjármögnun, en það hafi farið svo að sparisjóðurinn hafi hafnað fjármögnun kaupanna. Eftir það hafi verið leitað til stefnanda um fjármögnun. Málið hafi verið til skoðunar hjá stefnanda en hafi hins vegar verið frestað snemma í desember 2007, eftir að SSG hafi lagt til að stefnandi myndi, samhliða lánveitingu til Fasteignafélags Suðurnesja ehf., ábyrgjast greiðslu á eiginfjárframlagi Obduro ehf., sbr. áður. Eins og fyrr greini hafi stefnandi keypt Behrens fyrirtækjaráðgjöf ehf. af þeim SSG og AGJ og hafi félagið verið sameinað stefnanda um áramótin 2007/2008. Við þá sameiningu hafi SSG orðið framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs stefnanda en AGJ hafi orðið framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar stefnanda. Í minnisblaði til þáverandi bankastjóra stefnanda, dags. 26. mars 2008, sem liggja fyrir í málinu, hafi SSG lagt fram tillögu um að stefnandi keypti Fjárfestingarfélagið Teig ehf. Í minnisblaðinu komi m.a. fram upplýsingar um að sala stefnda á Fjárfestingarfélaginu Teigi ehf. hafi verið forsenda fyrir þátttöku hans í kaupum á hlut í stefnanda. Þá komi einnig fram sú tillaga að stefnandi ábyrgðist greiðslu eiginfjárframlags Obduro ehf. Engin fyrirmæli eða beint samþykki þáverandi bankastjóra hefur fundist hjá stefnanda en þann 31. mars 2008 sendi SSG tölvupóst til forstöðumanns lögfræðisviðs bankans, Daða Bjarnasonar, með fyrirmælum um að hefja frágang á viðskiptunum en í þeim pósti hafi SSG tekið fram að bankastjóri væri búinn að samþykkja viðskiptin. Tölvupósturinn hafi verið sendur með afriti á bankastjóra.

Fyrir liggur að kaupsamningur um umrædd kaup var undirritaður 15. apríl 2008 fyrir hönd stefnanda af Sigurði Smára Gyldfasi (SSG) og Agnari Hanssyni, þáverandi bankastjóra stefnanda.

Stefndi lýsir aðdraganda samnings aðila á þá leið að í september 2007 hafi fyrirsvarsmenn Behrens fyrirtækjaráðgjafar ehf. haft samband við hann og leitað eftir því hvort hlutur hans í Háskólavöllum ehf. væri falur. Á þeirri stundu hafi ekki verið tímabært að svara slíku þar sem samningar við Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar hafi ekki verið að fullu frágengnir, en þeir hafi loks verið undirritaðir í byrjun október 2007. Stefndi kveðst og hafna fullyrðingum stefnanda um að hann hafi átt frumkvæði að þessum samningaviðræðum og hafnar því sem hann kallar oftúlkun stefnanda á orðum sem fram komi í tölvupósti sem liggja fyrir í málinu. Orðalag þar beri ekki merki um annað en að stefndi hafi viljað tryggja að ekki færu af stað sögusagnir um að hann væri að eigin frumkvæði að hlaupa frá verkum fyrir Keili og Háskólavelli ehf. og hafi tölvupóstinum einungis verið ætlað að tryggja að forsvarsmenn Behrens ehf. staðfestu að þeir hefðu átt frumkvæði að framangreindum þreifingum. Þetta atriði ráði auðvitað ekki úrslitum málsins, en nauðsynlegt sé að árétta þetta. Þá telur stefndi rétt í þessu samhengi að taka fram að hann hafi á þessum tíma verið illa haldinn af lungnasjúkdómi og hafi þurft að

dveljast um lengri tíma í hlýju loftslagi til að ná bata og sé það aðalástæða þess að hann hafi léð máls á að selja hlut sinn í Háskólavöllum ehf. Stefndi kveður að 24. október 2007 hafi honum borist tilboð frá Behrens ehf., þá í nafni Fasteignafélags Suðurnesja ehf. en forsvarsmenn Behrens ehf. hafi m.a. verið hluthafar í því félagi. Í stuttu máli hafi tilboðið hljóðað upp á 300 milljónir króna og hafi átt að greiða 200 milljónir strax en 100 milljónir króna með hlut í Fasteignafélagi Suðurnesja ehf. Einnig hafi verið í tilboðinu hugmyndir um að stefndi gæti fjárfest í stefnanda fyrir 320 milljónir króna og sé í tilboðinu verulega gylltir þeir hagsmunir sem væru því samfara að eignast hlutafé í stefnanda. Þessu tilboði hafi stefndi svarað á þann veg að hann hafi óskað eftir drögum að samningi. Sendingar hafi verið milli manna 31. október 2007 og séu þá komin ítarlegri drög að samkomulagi og Fasteignafélag Suðurnesja ehf. sé þá enn sammingsaðili. Á næstu vikum taki tilboðin og drögin á sig fleiri myndir og m.a. þá að hluti kaupverðsins yrði hlutir í stefnanda. Stefnandi hafi keypt Behrens fyrirtækjaráðgjöf ehf. sem og Fasteignafélag Suðurnesja ehf. og hluti forsvarsmanna félaganna hafi orðið starfsmenn stefnanda. Einn þeirra hafi verið forsvarsaður fyrirtækjasviðs bankans. Kaupin hafi átt sér stað 5. desember 2007 og virðist stefnandi taka við skuldbindingum beggja félaganna gagnvart stefnda. Viðræður haldi áfram í ýmsu formi og loks í febrúar sé að komast skýr mynd á samning milli stefnanda og stefnda.

Stefndi kveður nauðsynlegt að áréttta að allt frá fyrstu hugmyndum um verð á hlut stefnda í Háskólavöllum ehf. hafi kaupverðið nánast alltaf verið hið sama. Í raun megi líta svo á að endanlegt samkomulag hafi orðið í febrúar 2008 en þá sé stefndi í samskiptum við framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs stefnanda, lögfræðing stefnanda og lögmennt hjá Logos, sem hafi haft hönd í bagga með skjalafrágang. Endanlegur samningur hafi verið undirritaður 15. apríl 2008 og sé hann í fullu samræmi við það sem á undan hafi gengið. Það sem þó vanti í samninginn sé að stefndi hafi viljað tryggingar fyrir greiðslu kaupverðsins í hinu seldu en því hafi stefnandi hafnað vegna ýmissa tæknilegra ástæðna. Í stað þess hafi verið gripið til þess ráðs að stefnandi stofnaði sérstaka innlánsreikninga í nafni stefnda, þ.e. svonefnda „peningamarkaðsreikninga“ sem átt hafi að vera lausir á þeim dögum þegar greiðslu hafi átt að inna af hendi. Síðar hafi þessum reikningum verið breytt í hefðbundna innlánsreikninga og hafi stefnandi átt frumkvæði að þeirri ráðagerð. Stefndi hafi þó að sjálfsögðu vitað um þetta enda hafi hann þurft að undirrita ýmis formleg skjöl vegna reikninganna auk þess sem honum hafi reglulega borist yfirlit vegna þeirra.

Hér þykir rétt að gera einnig nokkra grein fyrir sjónarmiðum málsaðila hvors um sig um verðmæti hins keypta félags.

Kveður stefnandi að kaupverð Fjárfestingarfélagssins Teigs ehf. hafi verið ákveðið mun hærra en virði eigin fjár í félaginu með tilliti til virðis eigin fjár Háskólavalla hf., einu eignar þess. Sé tekið mið af innra virði Fjárfestingarfélagssins Teigs ehf. á umræddum tíma eða í lok árs 2007, miðað við virði eigin fjár Háskólavalla hf., hafi verðmæti Fjárfestingarfélagssins Teigs ehf. verið 54.000.000 krónur. Í ársreikningi Háskólavalla ehf. árið 2007 komi fram að eigið fé félagsins í árslok 2007 hafi verið 540.000.000 krónur. Heildarskuldir hafi verið um 10.700.000.000 krónur og heildareignir um 11.200.000.000 krónur. Helstu eignir félagsins séu fjárfestingar í fasteignum og lóðum á Keflavíkurflugvelli að fjárhæð um 10.600.000.000 krónur. Samkvæmt framangreindum upplýsingum hafi virði 10% hlutar Fjárfestingarfélagssins Teigs ehf. í Háskólavöllum því ekki getað talist

meira en 54.000.000 krónur miðað við bókfært virði eigin fjár. Ekki sé óeðlilegt að miða við það verð þar sem eignir Háskólavalla ehf. hafi fyrst og fremst verið fólgnar í fasteignum og lóðum sem keyptar hafi verið undir lok árs 2007 af ótengdum aðila. Efnahagsreikningur Háskólavalla ehf. í lok árs 2007 ætti því að öðru jöfnu að gefa skýra vísbendingu um virði hluta í félaginu á þeim tíma. Þá megi einnig geta þess að Háskólavellir ehf. nýti sér heimild í lögum um ársreikninga til færslu fjárfestingar fasteigna á gangvirði. Það hafi í för með sér að efnahagsreikningur félagsins ætti á hverjum tíma að endurspegla raunverulegt virði eigin fjár þar sem matsbreytingar á virði eignanna séu færðar í rekstrar- og efnahagsreikning. Ef litið sé til virðis eigin fjár félagsins í lok árs 2008 hafi virði Fjárfestingarfélagsins Teigs ehf. getað verið 110.000.000 krónur á þeim tíma. Á árinu 2008 séu matsbreytingar að fjárhæð 1.717.000.000 krónur færðar í rekstrarreikning Háskólavalla ehf. og eigi það stærstan þátt í því að eigið fé í árslok 2008 hækki um 544.000.000 krónur og nemi í árslok 1.084.000.000 krónum. Á árinu 2009 sé færð matsbreyting að fjárhæð 1.646.000.000 krónur og sé eigið fé í lok árs 2009 um 1.516.000.000 krónur. Miðað við framangreint þá sé virði 10% hlutar Fjárfestingarfélagsins Teigs ehf. að hámarki um 150.000.000 krónur en þá hafi verið tekið tillit til matshækkana bæði á árinu 2008 og 2009, þ.e. öll gangvirðishækkun 2008 og 2009 falli inn í matið. Þá megi einnig benda á að Fjárfestingarfélagið Teigur ehf. hafi keypt hlut í Háskólavöllum ehf. á árinu 2007, eða rétt rúmu ári áður en kaupsamningur hafi verið undirritaður, á 55.000.000 krónur. Sé hér tekið mið af athugun PWC sem gerð hafi verið fyrir slitastjórn haustið 2010. Kveður stefnandi að mat stjórnar Háskólavalla ehf. á verðmæti eigna félagsins, og verðlagning á aukningarhlutum í félaginu, sem reyndar hafi verið boðnir út síðar, hafi ekki verið í neinu samræmi við það kaupverð sem lagt hafi verið til grundvallar í viðskiptum stefnanda og stefnda, heldur að miklum mun lægra. Ekki liggi fyrir gögn um það hjá stefnanda á hvaða forsendum umrætt kaupverð á Fjárfestingarfélaginu Teigi ehf., 357.239.461 króna, hafi verið ákveðið, en eins og áður greini sé um að ræða sömu kjör og í fyrri samningalotu stefnda við Fasteignafélag Suðurnesja þegar það hafi verið undir stjórn Sigurðar Smára Gylfasonar og Aðalsteins Gunnars Jóhannssonar. Stefnandi hefur og vísað til að niðurstaða dómkvaddra matsmanna staðfesti að verðmæti umrædds félags hafi á kaupsamningsdegi verið á bilinu 16.182.399 til 47.171.587 krónur.

Stefndi kveður í greinargerð sinni að Háskólavellir ehf. hafi verið stofnað í kjölfar þess að til hafi orðið Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, sem annast hafi rekstur þeirra eigna, sem Bandaríkjaher hafi skilið eftir sig við Keflavíkurflugvöll við brotthvarf hans af landinu. Eins og vitað sé hafi verið um miklar eignir að ræða m.a. fjölda fasteigna þ.m.t. íbúða, samkomuhúsa, skýla af ýmsum toga svo og lendur og lóðir, sem byggingaréttur fylgdi. Stefnandi hafi ákveðið að taka þátt í þessari fjárfestingu og hafi keypt hlut í Háskólavöllum ehf. í gegnum félag sitt Teig ehf., en kaup á eignum Bandaríkjahers hafi átt sér stað í byrjun árs 2007 og hafi kaupverðið verið um 14 milljarðar króna. Upphaflegt hlutfé í Háskólavöllum ehf. hafi verið 40 milljónir króna en síðar hafi það verið aukið í 540 milljónir króna. Félag stefnda, Teigur ehf., hafi átt 10 hundraðshluti eða 54 milljónir króna að nafnvirði. Aðrir eigendur hafi verið Sparisjóður Keflavíkur, Íslandsbanki hf., Klasi ehf. og Fasteignafélagið Þrek ehf., allir með 22,5 hundraðshluti. Eigendur Háskólavalla ehf. hafi strax haft áform um að byggja upp svonefnt þekkingarþorp og skólaumhverfi og leigja út eignir á því svæði sem Bandaríkjaher hafi skilið eftir, en um hafi verið að ræða 1.710 íbúðir af ýmsum stærðum og gerðum, 14 aðrar byggingar af ýmsum toga auk 510 þúsund fermetra af ónýttu byggingalandi.

Skemmst sé frá því að segja að öll áform hafi gengið vel og fljótlega hafi nokkur hundruð íbúdir verið komnar í útleigu. Samvinna hafi tekist við félagið Keili, sem tekið hafi að sér rekstur fræða- og skólustarfs og hafi það félag nýtt allmiklar eignir á svæðinu. Háskólavellir ehf. eigi hlut í Keili, auk annarra félaga, en aðrir eigendur í Keili séu Háskóli Íslands, Íslandsbanki hf. (Glitnir hf.) og aðrir stórir aðilar. Verðmæti Háskólavalla ehf. hafi margfaldast strax á fyrstu mánuðum starfseminnar og hafi sá vöxtur valdið ýmsum vangaveltum í þjóðfélaginu þ.m.t. um það að félagið hefði keypt eignirnar á alltof lágu verði, en ekki er ástæða til að tíunda það frekar hér. Stefndi hafi frá upphafi verið framkvæmdastjóri Keilis og hafi í raun komið því félagi á fót og hafi auk þess verið í stjórn Háskólavalla ehf.

Í greinargerð kveður stefndi að í stefnu og öðrum gögnum sé verð á hlut hans dregið í efa. Þeim sjónarmiðum sé harðlega mótmælt og langt í frá að um einhvern gjafa- eða örlætisgerning hafi verið að ræða. Eins kveðst hann áréttta að hann hafi ekki átt frumkvæði að þessum viðskiptum og verðhugmyndir séu komnar frá tilboðsgjöfum, fyrst Behrens fyrirtækjaráðgjöf ehf. og síðar Fasteignafélagi Suðurnesja ehf. og loks frá stefnanda sjálfum. Verðhugmyndir hafi nánast ekkert breyst frá haustdögum 2007 þar til endanlegur samningur hafi verið undirritaður í apríl 2008. Hafa beri í huga tíðarandann á árunum fyrir 2008 þegar fjárfest hafi verið í hinum ýmsu eignum á grundvelli mikilla væntinga, en oft raunar með lítilli fyrirhyggju. Behrens ehf. og Fasteignafélag Suðurnesja ehf. hafi einbeitt sér að fjárfestingum á Suðurnesjum sem hafi þá þótt góður og vænlegur kostur og svæði, sem fyrrum hafi verið nýtt af Bandaríkjaher, sérstaklega fýsilegur kostur. Í þessu sambandi sé rétt að benda á tölvupóst milli yfirmanna hjá stefnanda frá 27. nóvember 2007 þar sem segir: „Gert er ráð fyrir því að þróun vallarsvæðisins taki 3-5 ár og margt bendir til að slíkar áætlanir séu raunhæfar m.v. hve stór hluti íbúða er kominn í útleigu nú þegar, uppbyggingu á netþjónabúi, nýtt álver í Helguvík, uppbygging kvikmyndavers auk mjög aukinnar flugumferðar um Keflavíkurvöll sem hefur mjög jákvæð áhrif á þróun þess svæðis í heild sinni. Fjárfestingin er því hugsuð í þessum tímaramma.“ Einnig liggi fyrir tölvupóstur sama dag frá starfsmanni stefnanda til þáverandi bankastjóra stefnanda. Þar er tíundað að verðmæti eigna Háskólavalla ehf. séu 11,6 milljarðar en svo segir m.a.: „Væntingar manna um verðmæti í framtíð byggt á fasteignaverði í Kef (150 þús/m²) 26 ma. Það má gera ýmislegt fyrir mismuninn.“ Þetta sýni í hnotskurn hvernig litið hafi verið á þessi verðmæti, þ.e. framtíðarhagnað. Einnig liggi fyrir í málinu drög að viðskiptaáætlun Háskólavalla ehf. frá nóvember 2007 sem unnin hafi verið af KPMG. Þar komi fram að framtíðarhagnaður sé áætlaður verulegur og eignir muni aukast. Í ársreikningi Háskólavalla ehf. 2008 komi fram að hagnaður félagsins sé 640 milljónir króna og í ársreikningi 2009 að hann sé 351 milljón króna. Hagnaðurinn sé því einn milljarður króna á tveimur árum. Þá sé vísað til verðmats KPMG á eignum Háskólavalla ehf. sem liggi fyrir í málinu. Matið sé gert í desember 2008, þ.e. eftir hrun. Þá liggi fyrir í málinu tölvupóstur frá 18. desember 2008 þar sem komi eignir og skuldir. Þar komi m.a. fram að gengi hluta í Háskólavöllum ehf. sé 6,12 en það gengi sé nálægt því verði sem stefndi hafi fengið fyrir hlut sinn. Stefndi kveðst mótmæla útreikningum endurskoðendafélagsins PWC og niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna. Báðar niðurstöðurnar beri þess merki að um svonefnda „eftirávisku“ sé að ræða en hvorki sé tekið mið af þeim tíðaranda sem ríkt hafi á árunum fyrir 2008 né þeim framtíðaráformum sem rekstur Háskólavalla ehf. hafi átt að skila. Einnig kveðst stefndi vísa til skýrslu fyrrverandi bankastjóra stefnanda sem hann hafi gefið fyrir slitastjórn en þar telji hann að ekkert hafi verið athugavert við þessi viðskipti og

hann telji raunar að þau hafi verið bankanum hagstæð. Hvað sem þessu líði skipti framangreint engu máli og gagnist ekki sem sönnun í þessu máli. Samningur hafi verið gerður með þeim kjörum og ákvæðum sem í honum standi og skv. almennum reglum beri að standa við það sem aðilar hafi orðið ásáttir um.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna kemur fram að þeir hafi metið verðmæti Fjárfestingarfélagsins Teigs ehf. með fimm mælikvörðum:

- (1) upplausnarverð
- (2) innra virði samkvæmt ársreikningum/reikningsskilum
- (3) nýjasta markaðsvirði eigna eða sambærilegra eigna, í viðskiptum ótengdra aðila
- (4) fasteignamat
- (5) sjóðsstreymismat

Af nánar greindum forsendum sem fram koma í matsgerð þótti matsmönnum að athuguðu máli rétt að leggja til grundvallar niðurstöðu samkvæmt aðferðum 1, 3 og 4. Er niðurstaða þeirra því sett fram með þeim hætti að hún liggi á bilinu milli 16.182.399 krónur, sem er niðurstaða mats á innra virði samkvæmt ársreikningum/reikningsskilum, og 47.171.587 sem er niðurstaða sjóðsstreymismats. Kemur fram í matsgerð að við sjóðsstreymismat var m.a. stuðst við viðskiptaáætlun Háskólavalla ehf. frá nóvember 2007 sem útbúin var af KPMG hf. og liggur fyrir í málinu og telja þeir að áætlunin gefi góða mynd af þeim hugmyndum og þeirri framtíðarsýn sem stjórnendur og eigendur félagsins hafi áformað. Var niðurstaða matsmanna m.a. grundvölluð á þessu og talin nema fyrirnefndri fjárhæð. Fyrir þessari niðurstöðu er og ítarlegri rökstuðningur í matsgerð en ekki þykir ástæða til að rekja hann nánar hér.

II

Stefnandi kveðst í stefnu byggja á því að greiðsla til stefnda samkvæmt kaupsamningi um hlutafé Fjárfestingarfélagsins Teigs ehf. sem greidd hafi verið þann 1. júlí 2008, að fjárhæð 25.000.000 krónur sé gjafagerningur og þar af leiðandi riftanleg á grundvelli 131. gr. laga nr. 21/1991. Umsamið kaupverð fyrir Fjárfestingarfélagið Teig ehf. hafi verið óeðlilegt miðað við raunverulegt verðmæti þess. Gildi þá einu hvort miðað sé við bókfært verðmæti (verðmæti eigin fjár) eða aðrar viðurkenndar matsaðferðir á þeim tíma sem kaupin hafi átt sér stað. Efnahagsreikningur Háskólavalla ehf. ætti á hverjum tíma að endurspegla raunverulegt virði eigin fjár þar sem matsbreytingar á virði eigna félagsins séu færðar í rekstrar- og efnahagsreikning. Ef litið sé til virðis eigin fjár Háskólavalla ehf. í lok árs 2008 hafi virði Fjárfestingarfélagsins Teigs ehf. getað verið 110.000.000 krónur á þeim tíma. Virði 10% hlutar Fjárfestingarfélagsins Teigs ehf. geti að hámarki hafa verið um 150.000.000 krónur, en þá hafi verið tekið tillit til matshækkana bæði á árinu 2008 og 2009 með því að öll gangvirðishækkun 2008 og 2009 hafi verið felld inn í matið. Þá sé rétt að benda á að Fjárfestingarfélagið

Teigur ehf. hafi keypt hlut í Háskólavöllum hf. á árinu 2007, eða rétt rúmu ári áður en kaupsamningur hafi verið undirritaður, á 55.000.000 krónur. Mikil óvissa hafi verið ríkjandi á fasteignamörkuðum þegar kaupin hafi átt sér stað. Kaupverðið, 357.239.461 króna, hafi verið langt umfram raunverulegt verðmæti hins selda og stefnda hafi verið um það kunnugt.

Samkvæmt 1. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991 megi krefjast riftunar á gjafagerningi ef gjöfin var afhent á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag. Umrædd greiðsla hafi átt sér stað 1. júlí 2008 sem sé innan nefndra tímamarka, enda sé frestdagur við slit stefnanda 15. desember 2008. Gjafahugtak 131. gr. laga nr. 21/1991 sé talið þurfa að uppfylla tiltekin lagaskilyrði, sem séu öll fyrir hendi í þessu máli; (i) að gjöfin rýri eignir skuldara; (ii) að gjöfin leiði til auðgunar móttakanda og (iii) að tilgangurinn með gerningnum sé að gefa.

Heildarkaupverð samkvæmt umræddum kaupsamningi hafi verið langt umfram raunverulegt verðmæti hins selda og stefnda hafi verið um það kunnugt. Greiðsla sú sem um sé rætt og krafist er riftunar á, að fjárhæð 25.000.000 krónur, hafi því rýrt eignir stefnanda. Greiðslan sem stefndi hafi veitt móttöku hafi leitt til auðgunar hans, enda um peningagreiðslu að ræða. Á því tímamarki sem greiðslan hafi verið innt af hendi hafi stefndi þegar fengið greiddar samtals 125.999.997 krónur í peningum og stefnandi hafi einnig yfirtekið skuld stefnda við SPM að fjárhæð 56.459.964 krónur eða samtals 182.459.962 krónur, sem þá þegar hafi verið langt umfram verðmæti hins selda félags.

Uppruna viðskiptanna megi rekja til stefnda, sem falboðið hafi hlut sinn í Fjárfestingarfélaginu Teigi ehf. til þeirra Sigurðar Smára Gylfasonar (SSG) og Aðalsteins Gunnars Jóhannssonar (AGJ). Þá sé vísað til nánna tengsla stefnda við SSG og AGJ. Verði ekki annað ráðið en að umrædd kaup og ákvörðun kaupverðs í kaupsamningi aðilanna á Fjárfestingarfélaginu Teigi ehf. hafi með óeðlilegum hætti tengst kaupum Obduro ehf. á 1% hlut í stefnanda á árinu 2007, og hafi falið í sér styrk af hálfu stefnanda til stefnda til greiðslu kaupverðs þess hlutar. Ljóst liggja fyrir að kaupverð Fjárfestingarfélagsins Teigs ehf. hafi verið fundið út með hin síðargreindu viðskipti í huga, og hafi kaup stefnanda á Fjárfestingarfélaginu Teigi ehf. verið gerð í þeim tilgangi að gefa stefnda fjármuni auk þess að veita honum eignarhlut í stefnanda án raunverulegs endurgjalds. Afhending gjafarinnar hafi farið fram með þeim greiðslum sem krafist sé riftunar á.

Með vísan til framangreinds telji stefnandi að greiðsla að fjárhæð 25.000.000 krónur til stefnda hafi verið gjöf í skilningi 131. gr. laga nr. 21/1991, enda byggist umrædd ákvörðun stefnanda um kaupverð á Fjárfestingarfélaginu Teigi ehf. hvorki á viðskiptalegum forsendum né sammingsbundinni skyldu hans.

Stefnandi kveðst vísa til þess að í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991 sé kveðið á um að fari riftun fram með stoð í 131. – 138. gr. laganna skuli sá sem hag hafi haft af riftanlegri ráðstöfun greiða þrotabúinu, hér stefnanda, fé sem svari til þess sem greiðsla þrotamanns hafi orðið honum að notum, en þó ekki hærri fjárhæð en sem nemi tjóni þrotabús. Af þessu leiði jafnframt að sé fallist á riftun umræddrar greiðslu að fjárhæð 25.000.000 krónur á grundvelli 131. gr. laga nr. 21/1991, svo sem stefnandi krefjist, eigi hann rétt á að krefja stefnda um endurgreiðslu þeirrar auðgunar sem af ráðstöfuninni hafi leitt og/eða skaðabætur.

Stefnandi byggir á því að auðgun stefnda svari til umræddrar greiðslu að fjárhæð 25.000.000 krónur. Ef ekki hefði komið til greiðslunnar til stefnda, hefði stefnandi hafnað kröfu stefnda í þrotabú stefnanda, nema sem eftirstæðri kröfu, eins og raunin sé með kröfu stefnda um síðari greiðslur samkvæmt kaupsamningi aðila. Greiðslur til stefnda hafi leitt til auðgunar hans og svari tjón stefnanda jafnframt til auðgunarinnar.

Stefnandi byggir á því að greiðsla til stefnda skv. kaupsamningi um hlutafé Fjárfestingarfélagssins Teigs ehf. sem greidd hafi verið þann 2. janúar 2009 að fjárhæð 54.078.125 krónur sé riftanleg á grundvelli 139. gr. laga nr. 21/1991. Ákvæði 1. mgr. nefnds lagaákvæðis kveði á um að krefjast megi riftunar á greiðslu skuldar ef greitt hefur verið eftir frestsdag nema (i) reglur XVII. kafla laganna hefðu leitt til að skuldin hefði greiðst við gjaldþrotaskipti, (ii) nauðsynlegt hafi verið að greiða til að komast hjá tjóni, (iii) eða sá sem greiðslu hafi notið hafi hvorki vitað né mátt vita að komið hafi fram beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eða krafa um gjaldþrotaskipti. Umrædd greiðsla hafi átt sér stað 2. janúar 2009. Frestsdagur við slit stefnanda sé 15. desember 2008. Greiðslan hafi þannig verið afhent eftir frestsdag í skilningi tilvísaðs ákvæðis. Stefnandi telji undantekningar greinarinnar ekki eiga við.

Að því er fyrsttöldu undanþáguna varði, að skuld hefði greiðst við gjaldþrotaskipti, liggir ljóst fyrir að eignir stefnanda nægi ekki til að efna skuldbindingar hans að fullu og hefði því umrædd greiðsla ekki greiðst við gjaldþrotaskipti. Einnig megi geta þess að slitastjórn stefnanda hafi hafnað kröfum stefnda, nema sem eftirstæðum kröfum, vegna tveggja síðustu greiðslna samkvæmt kaupsamningi aðila sem stefndi hafi lýst í bú stefnanda, eins og áður greini, og því allar líkur á því að umræddri greiðslu hefði einnig verið hafnað, nema sem eftirstæðri kröfu, hefði henni verið lýst í bú stefnanda. Að því er aðra undantekningu varði, að nauðsynlegt hafi verið að greiða til að komast hjá tjóni, liggir ljóst fyrir að sú undantekning eigi ekki við í þessu tilliti. Að því er þriðju undantekninguna varði, að stefndi hafi ekki vitað eða mátt vita um greiðslustöðvun stefnanda, liggir ljóst fyrir að sú undantekning eigi ekki við í þessu tilliti. Ekki hafi verið komin formleg heimild til greiðslustöðvunar þegar greiðslan hafi verið innt af hendi 2. janúar 2009, en frestsdagur við slit stefnanda hafi verið ákveðinn, með lagasetningu, 15. desember 2008. Með vísan til framangreinds telji stefnandi að greiðsla að fjárhæð 54.078.125 krónur til stefnda sé riftanleg ráðstöfun í skilningi 139. gr. laga nr. 21/1991, enda um að ræða greiðslu innta af hendi eftir frestsdag við slit stefnanda og undanþágur lagaákvæðisins nái ekki til greiðslunnar.

Stefnandi vísi til þess að í 3. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991 sé kveðið á um að fari riftun fram með stoð í 139. gr. laganna skuli sá sem hafi haft hag af riftanlegri ráðstöfun greiða bætur eftir almennum reglum. Af þessu leiði jafnframt að verði fallist á riftun umræddrar greiðslu að fjárhæð 54.078.125 krónur á grundvelli 139. gr. laga nr. 21/1991, svo sem stefnandi krefjist, eigi hann rétt á að krefja stefnda um skaðabætur. Stefnandi byggir á því að tjón stefnanda, í skilningi skaðabótareglna, sé umrædd greiðsla, 54.078.125 krónur, enda hefði stefnandi hafnað kröfum stefnda í þrotabú stefnanda, eins og raunin sé með kröfu stefnda um síðari greiðslur samkvæmt kaupsamningi aðila.

Stefnandi byggir einnig á því að umrædd greiðsla frá 2. janúar 2009 að fjárhæð 54.078.125 krónur sé riftanleg á grundvelli almennu riftunarreglunnar í 141. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt reglunni megi krefjast riftunar ráðstafana sem á ótilhlýðilegan hátt séu kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, leiði til þess að eignir þrotamannsins verði ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leiði til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns, ef þrotamaðurinn hefur verið ógjaldfær eða orðið það vegna ráðstöfunarinnar og sá sem hefur haft hag af henni hefur vitað eða mátt vita um ógjaldfærni þrotamannsins og þær aðstæður sem leitt hafi til þess að ráðstöfunin hafi verið ótilhlýðileg. Samkvæmt 141. gr. sé það þannig skilyrði riftunar að ráðstöfun hafi verið (i) ótilhlýðileg, (ii) hin ótilhlýðilega ráðstöfun falli í einn hinna þriggja flokka sem taldir eru upp í ákvæðinu, (iii) skuldari hafi verið ógjaldfær eða hafi orðið það vegna ráðstöfunarinnar og (iv) sá sem hag hafi haft af ráðstöfuninni hafi vitað eða mátt vita um ógjaldfærnina og þær aðstæður sem leitt hafi til þess að ráðstöfunin hafi verið ótilhlýðileg. Stefnandi telji öll þessi skilyrði uppfyllt.

Stefnandi telji greiðsluna til stefnda hafa verið ótilhlýðilega þar sem með henni hafi stefnda verið greidd skuld sem annars hefði ekki fengist greidd við gjaldþrotaskipti stefnanda. Ekki verði séð að greiðslan til stefnda hafi verið framkvæmd með hagsmunum stefnanda eða önnur málefnaleg sjónarmið að leiðarljósi. Kaupverð Fjárfestingarfélagsins Teigs ehf. hafi verið langt umfram raunverðmæti félagsins og kaupverðið því óvenjulegt. Af þessu leiði að greiðslan til handa stefnda geti ekki talist tilhlýðileg ráðstöfun eins og á hafi staðið. Þá telji stefnandi ljóst að hin ótilhlýðilega ráðstöfun hafi leitt til þess að eignir stefnanda, hafi ekki getað orðið til reiðu til fullnustu kröfuhöfum. Greiðsla til handa stefnda hafi leitt til þess að peningalegar eignir stefnanda hafi minnkað. Með því hafi stefnandi og kröfuhafar hans orðið fyrir tjóni sem nemi umræddri greiðslu til handa stefnda. Í ljósi alls framangreinds telji stefnandi að greiðsla, samtals að fjárhæð 54.078.125 krónur hafi með ótilhlýðilegum hætti leitt til þess að eignir stefnanda hafi ekki verið til reiðu til fullnustu kröfuhöfum, sbr. 141. gr. laga nr. 21/1991.

Stefnandi byggir jafnframt á því að hann hafi verið ógjaldfær á tímamarki seinni ráðstöfunarinnar í skilningi 141. gr. laga nr. 21/1991. Nánar tiltekið sé á því byggt að fjárhagsstaða stefnanda á tímamarki seinni ráðstöfunarinnar, þann 2. janúar 2009, hafi verið orðin slík að hann hafi í raun ekki verið fær um að greiða skuldir sem fallið hafi í gjalddaga í fyrirsjáanlegri framtíð og ekki hafi verið líklegt að úr rættist. Á þeim tíma hafi stefnandi þegar þurft að bregðast við falli viðskiptabankanna þriggja, Landsbanka, Glitnis og Kaupþings, og veðkall hafi verið sent til stefnanda af hálfu Seðlabanka Íslands. Sé þannig á því byggt að á þessu tímamarki hafi stefnandi verið kominn í greiðsluþrot og talist ófær um að standa í skilum með skuldbindingar sínar. Stefnanda hafi verið veitt formleg greiðslustöðvun skömmu síðar, en hafi áður, eða í fyrsta sinn þann 11. nóvember 2008, gert svokallað „stand-still“ samkomulag við kröfuhafa bankans. Stefnanda hafi verið skipuð skilanefnd tæpum þremur mánuðum eftir að ráðstöfunin hafi átt sér stað.

Stefnandi byggir jafnframt á því að stefndi hafi vitað, eða í öllu falli mátt vita, um ógjaldfærni stefnanda á tímamarki seinni greiðslunnar og þær aðstæður sem leitt hafi til þess að greiðslan hafi verið ótilhlýðileg. Stefnandi bendir á að grandsemiskilyrði 141. gr. laga nr. 21/1991 sé talið fullnægt ef móttakanda hefði átt

að gruna að skuldari væri ógjaldfær. Stefnandi hafi verið viðstaddur hluthafafund stefnanda 17. október 2008, sem forsvarsmaður Obduro ehf., hluthafa í stefnanda. Á umræddum hluthafafundi hafi m.a. verið samþykkt heimild til hækkunar á hlutafé í stefnanda. Um hafi verið að ræða viðbragðsaðgerð vegna hruns viðskiptabankanna þriggja, en stefnandi hafi veðsett skuldabréf útgefin af viðskiptabönkunum þremur fyrir samtals 160 milljarða króna að nafnvirði hjá Seðlabanka Íslands. Veðkall Seðlabanka Íslands hafi borist stefnanda þann 20. október 2008. Í ljósi þess að gandsemiskilyrði 141. gr. laga nr. 21/1991 sé talið fullnægt hafi móttakanda mátt gruna að skuldari hafi verið ógjaldfær sé þannig á því byggt að stefndi, m.a. stöðu sinnar vegna sem hluthafi í stefnanda, hafi vitað eða mátt vita að stefnandi væri ógjaldfær í skilningi lagagreinarinnar og jafnframt um þær aðstæður sem leitt hafi til þess að greiðslan hafi verið ótilhlýðileg í þeim skilningi sem getið sé hér að framan.

Stefnandi vísi til þess að verði riftun viðurkennd á grundvelli 141. gr. laga nr. 21/1991 þá eigi stefnandi skaðabótakröfu á hendur stefnda eftir almennum reglum, sbr. 3. mgr. 142. gr. laganna. Stefnandi byggir á því að tjón stefnanda, í skilningi skaðabótareglna, sé samtals að fjárhæð 54.078.125 krónur. Sé þannig á því byggt að greiðsla til stefnda hafi leitt til þess að peningalegar eignir stefnanda hafi lækkað sem orðið hafi stefnanda og kröfuhöfum hans að tjóni. Tjón stefnanda svari til fjárhæðar umræddrar greiðslu eða samtals 54.078.125 krónur.

Þá byggir stefnandi á að greiðsla sem fram hafi farið hinn 2. janúar 2009 sé riftanleg á grundvelli 131. gr. laga nr. 21/1991, en telja verði að því ákvæði verði beitt jöfnum höndum um greiðslur sem eigi sér stað fyrir og eftir frestdag. Um sjónarmið um gjöf, skilyrði riftunar o.fl. vísist til sjónarmiða sem rakin séu hér að framan varðandi riftanleika greiðslu 1. júlí 2008.

Krafist sé dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 25.000.000 krónum frá 1. júlí 2008 til 2. janúar 2009, en af 79.078.125 krónum frá 2. janúar 2009 til greiðsludags. Vísist um það til dómvenju þess efnis að riftunarkröfur beri dráttarvexti frá þeim degi sem hin riftanlega ráðstöfun hafi farið fram. Varakrafa um dráttarvexti miðist við 20. október 2010, sem sé einum mánuði frá dagsetningu riftunarbréfs stefnanda, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

Um lagarök kveðst stefnandi einkum vísa til 131., 139., 141. og 142. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. og laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki með áorðnum breytingum, sbr. meðal annars lög nr. 44/2009. Riftunarmál þetta sé höfðað innan frests, sbr. 148. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991, sbr. 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki með áorðnum breytingum, sbr. meðal annars lög nr. 132/2010. Um vexti og dráttarvexti sé vísað til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Kröfu sína um málskostnað styðji stefnandi við 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þá vísar stefnandi til þess að við ákvörðun málskostnaðar beri að taka tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts.

Stefndi kveðst mótmæla þeim málsástæðum stefnanda að í samningi aðila hafi falist gjöf eða að greiðslur geti talist ótilhlýðilegar, sbr. 131., 139. og 141. gr. laga nr. 21/1991. Í fyrsta lagi hafi kaupverðið verið eðlilegt í alla staði miðað við þau viðskipti og tíðaranda sem ríkt hafi á árunum fyrir 2008. Á það skuli bent að fyrstu tilboð komi frá Behrens fyrirtækjaráðgjöf ehf. og síðar Fasteignafélagi Suðurnesja ehf. en það séu félög sem sumpart séu í eigu einstaklinga. Því fari fjarri að þeir einstaklingar hafi ætlað sér að gefa stefnda gjafir sem hafi numið hundruðum milljóna. Fjárhæðir á fyrstu stigum í aðdraganda kaupsamningsins séu nánast þær sömu og þegar endanlegur samningur sé gerður. Þá sé stefnandi viðsemjandinn og sé fallist á sjónarmið hans sé það í fyrsta sinn sem banki taki upp á því að gefa gjafir af þessum toga. Þá sé með öllu ósannað að um gjöf hafi verið að ræða og gjafasjónarmið langt í frá tilgangur samnings aðila.

Í annan stað virðist það málsástæða stefnanda að samningur aðila tengist með einhverjum óeðlilegum hætti kaupum félagsins Obduro ehf. á hlutum í stefnanda og stefndi hafi þannig fengið hlut í stefnanda í formi gjafar. Þessar fullyrðingar séu ósannaðar enda fjarri öllum veruleika. Kaup stefnda á hlutum í stefnanda hafi á þessum tíma verið eðlileg að öllu leyti, en almenn skoðun hafi á þessum tíma verið að kaup á hlutum í Icebank hf. væri góð fjárfesting. Komi meðal annars fram í rannsóknarskýrslu Alþingis, en hluti hennar hafi verið lagður fram í málinu, að ýmsir stjórnendur bankans hafi keypt hluti í október 2007 og svo aftur í mars 2008 og hafi þeir því augljóslega haft trú á að hlutirnir væru vænlegur fjárfestingarkostur.

Í greinargerð stefnda var mótmælt fullyrðingum stefnanda um að frestdagur við slitameðferð stefnanda væri 15. desember 2008 en fallið var frá þeim mótmælum við munnlegan málflutning.

Stefndi kveður í greinargerð að varðandi kröfu um riftun greiðslu 2. janúar 2009 á 54.078.125 krónur sé vísað til 139. gr. laga nr. 21/1991. Það sé skilyrði samkvæmt lagagreininni að sá sem greiðslu hafi notið hafi vitað eða mátt vita að fram hafi komið beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eða komin sé fram krafa um gjaldþrotaskipti. Beiðnin um greiðslustöðvun hafi fyrst komið fram 23. mars 2009 og því síðar en greiðslan hafi farið fram. Þá vísi stefnandi einnig vegna umræddrar greiðslu til almennu riftunarreglunnar í 141. gr. laga nr. 21/1991 en þar sé líka skilyrði riftunar að sá sem hafi haft hag af ráðstöfuninni hafi vitað eða mátt vita um ógjaldfærni þrotamanns. Slíku sé ekki að heilsa í tilviki stefnda. Rök í stefnu séu þau að hann hafi setið hluthafafund stefnanda í október 2008. Sá fundur muni á hinn bóginn hafa fjallað um, að þrátt fyrir erfiðleika á fjármálamörkuðum myndi bankinn lifa af. Hafi því engin ástæða verið til að ætla að stefnandi færi í þrot misseri síðar. Hvað varði sjónarmið um gjafagerning vegna greiðslu 2. janúar 2009 þá hafi því þegar verið svarað.

Við þetta sé einnig að bæta að stefndi hafi samið um að samningsgreiðslur til sín væru tryggðar á þann hátt að stofnaðir hafi verið sérstakir innlánsreikningar á hans nafni og að greiðslur nytu þannig forgangs, sbr. reglur 102. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 112. gr. laga nr. 21/1991. Það sé einnig af og frá að við þessa greiðslu hafi stefnandi verið ógjaldær eða orðið það vegna greiðslu þann 2. janúar 2009, eða að öðru leyti vegna þessara viðskipta við stefnda. Ríflega 50 milljónir

króna sé ekki mikið fé hjá stórrí bankastofnun og langt í frá að þessi gerningur hefði ríðið stefnanda að fullu. Í gögnum málsins komi fram að lýstar kröfur í slitabú stefnanda séu samtals 369.087.602.914 krónur og þegar hafi verið samþykktar kröfur að fjárhæð 104.897.833.733 krónur. Þær fjárhæðir sem mál þetta snúist um séu því örlítið brot miðað við framangreindar fjárhæðir.

Einnig megi velta upp þeirri spurningu hvort máli þessu sé beint að réttum aðila. Það þurfi ekki að fara mörgum orðum um aðstöðumun, en annars vegar sé um að ræða bankastofnun með fjárfestingadeild, hagdeild, lögfræðideild og allan annan viðbúnað sem fylgdi bankarekstri á þessum tíma. Hins vegar sé um að ræða einstakling, sem að vísu njóti aðstoðar lögmannna við skjalafrágang en lítið annað. Ef stefnanda sýnist hann vanhaldinn af þessum viðskiptum þá blasi það við að hann ætti að beina kröfum sínum að þeim sem stýrðu þessum viðskiptum frekar en að stefnda í máli þessu.

Stefndi kveðst einnig vilja vísa til laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, en meginsteff þeirra laga sé að samninga skuli halda en engin þau atvik sem fram komi í III. kafla laganna eigi hér við.

Sýknukröfur séu því ítrekaðar og sé vaxtakröfum sérstaklega mótmælt.

Stefndi kveðst vísa til 131. gr., 139. gr. og 141. gr. l. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. svo og til laga nr. 7/1936 um samningsgerð umboð og ógilda löggæringa.

IV

Eins og rakið er nánar hér að framan krefst stefnandi í málinu riftunar á tveimur greiðslum sem inntar voru af hendi til stefnda 1. júlí 2008 og 2. janúar 2009 og endurgreiðslu samsvarandi fjárhæða ásamt vöxtum. Ekki er um það deilt að greiðslurnar voru í samræmi við ákvæði kaupsamnings aðila frá 15. apríl 2008, bæði að því er varðar fjárhæð og greiðslutíma. Kröfur stefnanda eru settar fram með vísan til reglna XX. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. og er ekki deilt um að formkröfur séu uppfylltar til að stefnandi geti haft uppi slíkar kröfur á hendur stefnda í máli þessu.

Stefnandi byggir á því í fyrsta lagi að 25.000.000 króna greiðsla til stefnda 1. júlí 2008 sé riftanleg með vísan til 1. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991, enda hafi umsamið endurgjald fyrir umrætt einkahlutafélag verið hærra en numið hafi verðmæti þess og því um gjöf að ræða í skilningi umrædds lagaákvæðis. Eru röksemdir stefnanda í þessa veru ítarlega raktar hér fyrir þegar gerð er grein fyrir málsástæðum sem hann byggir á í málinu og er ekki ástæða til að endurtaka þá lýsingu hér.

Í nefndu lagaákvæði greinir að krefjast megi riftunar á gjafagæringi hafi gjöfin verið afhent á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag. Eins og fyrir segir telst frestdagur við slitameðferð stefnanda 15. desember 2008 og fellur umrædd greiðsla því innan þeirra tímamarka sem ákvæðið setur. Við skilgreiningu þess hvort sú ráðstöfun sem krafist er riftunar á geti talist gjafagæringur í framangreindum

skilningi er einkum litið til þriggja forsendna sem allar þurfa að vera fyrir hendi. Í fyrsta lagi þarf afhending að hafa leitt til skerðingar á eignum skuldara. Afhendingin þarf í öðru lagi að hafa leitt til auðgunar móttakanda og í þriðja lagi þarf að liggja fyrir að tilgangur skuldara með ráðstöfuninni hafi verið að gefa. Stefnandi tilgreinir réttilega öll framangreind skilyrði og telur þau öll uppfyllt í málinu en fyrir þeirri fullyrðingu hefur hann sönnunarbyrði samkvæmt almennum sönnunarreglum.

Fyrir liggur og er óumdeilt að stefnandi stóð skil á 182.239.461 krónu vegna greiðslna sem mælt var fyrir um í kaupsamningi aðila að skyldu greiðast við undirritun hans 15. apríl 2008. Byggir stefnandi á því að með þeirri fjárhæð hafi verið innt af hendi greiðsla sem nemi ríflega raunverulegu verðmæti hins keypta félags og byggir hann á því í málinu að greiðsla á hinu umsamda kaupverði umfram það feli í sér örlætisgerning sem rifta megi með vísan til 1. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991. Eigi þetta við þá greiðslu sem hér er fjallað sérstaklega um.

Í málatilbúnaði sínum rekur stefnandi verðmæti Háskólavalla ehf., en óumdeilt er að eina eign Fjárfestingarfélagsins Teigs ehf. var 10% eignarhlutur í því félagi. Kemst stefnandi m.a. að því að ef tekið sé að fullu tillit til matsbreytinga sem frá er greint í ársreikningum Háskólavalla ehf. til hækkunar á verðmæti eigna félagsins sem orðið hafi á árunum 2008 og 2009 geti virði Fjárfestingarfélagsins Teigs ehf. að hámarki numið 150.000.000 krónum. Þá liggur fyrir í málinu niðurstaða dómkvaddra matsmanna um áætlað virði umrædds félags 15. apríl 2008. Komast matsmenn þar að þeirri niðurstöðu að verðmæti félagsins þann dag hafi legið á verðbilinu frá 16.182.399 krónum til 47.171.587 króna. Stefndi ber brigður á að leggja eigi framangreindar forsendur til grundvallar og telur að í fyrirbyggjandi matsniðurstöðum felist „eftirávíska“ en í engu sé hugað að þeim tíðaranda sem verið hafi á þeim tíma sem kaupin hafi átt sér stað og ekki tekið tillit til að menn hafi séð mikil tækifæri til hagnaðar í því að eignast hlut í Háskólavöllum ehf. og það hafi verið sú framtíðarhagnaðarvon sem ráðið hafi verðlagningu. Sjónarmið um þetta eru ítarlegar rakin hér fyrir í dóminum og vísast um nánari rökstuðning til þeirra lýsinga.

Stefnandi máls þessa var starfandi banki þegar samningur aðila var gerður og hafði sem slíkur sérfræðinga á sínum snærum sem ætla verður að hafi verið bærir til að meta hvert væri viðunandi kaupverð Fjárfestingarfélagsins Teigs ehf. að teknu tilliti til allra forsendna sem telja verður eðlilegt að kaupandi hugi að áður en hann festir kaup á eignum. Sjá má af gögnum málsins að kaupverð félagsins varð til í samningaferli, fyrst milli stefnda og eigenda Behrens fyrirtækjaráðgjafar ehf./Fasteignafélags Suðurnesja ehf. og síðar milli stefnda og stefnanda. Hefur ekki verið sýnt fram á annað en að þær viðræður hafi að meginstefnu verið leiddar af starfsmönnum fyrstnefndu tveggja félaganna sem síðan urðu starfsmenn stefnanda. Samningur aðila var einnig undirritaður af bankastjóra stefnanda, auk Sigurðar Smára Gylfasonar, sem þá starfaði fyrir stefnanda, sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs, en hann hafði áður verið í forsvari fyrir samninga við stefnda sem fyrirsvarsmáður Behrens fyrirtækjaráðgjafar ehf. Er ekki unnt að telja að ráða megi af gögnum þeim sem stefnandi hefur teft fram í máli þessu að þeir fyrirsvarsmenn stefnanda sem gengu til samninga við stefnda um kaup á Fjárfestingarfélaginu Teigi ehf. hafi með því haft í hyggju að gefa honum þá fjármuni sem um ræðir. Verður engin ályktun dregin í þessu efni með hliðsjón af því að hluta kaupverðsins hafi verið varið til að gera upp skuld vegna kaupa stefnda á hlut í stefnanda. Þá þykja

upplýsingar um að Sigurður Smári Gylfason sé kunningi stefnda ekki einar og sér styrkja nægilega fullyrðingar stefnanda um að hann hafi dregið taum stefnda við samningagerðina. Framburður Sigurðar Smára Gylfasonar og einnig framburður Agnars Hanssonar, þáverandi bankastjóra stefnanda fyrir dómi renna heldur ekki stoðum undir að til hafi staðið að hygla stefndu fjárhagslega með umræddum kaupum umfram verðmæti hins keypta. Þá verður og að hafna fullyrðingum stefnanda um að skýrsla af Agnari Hanssyni fyrir slitastjórn renni stoðum undir slíka fullyrðingu, en fyrir liggur í málinu endurrit úr gerðarbók skipastjóra þar sem skýrslan er rakin. Þykir og verða að horfa til þess að í málinu liggja fyrir upplýsingar sem renna stoðum undir þær fullyrðingar stefnda að umsamið verð hafi verið í samræmi við þær væntingar sem uppi voru gagnvart þeirri viðskiptahugmynd sem rekstur Háskólavalla ehf. er. Þegar af þeim ástæðum sem hér hafa verið raktar verður að telja ósannað að kaupsamningur aðila geti talist örlætisgerningur til handa stefnda sem rifta megi á grundvelli 1. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991. Verður stefndi því sýknaður af kröfu stefnda að þessu leyti.

Stefndi krefst og riftunar á greiðslu 2. janúar 2009 og vísar í fyrsta lagi til þess að hún sé riftanleg á grundvelli 1. mgr. 139. gr. laga nr. 21/1991. Í nefndu lagaákvæði segir að krefjast megi riftunar á greiðslu skuldar ef greitt var eftir fresttag nema reglur XVII. kafla hefðu leitt til þess að skuldin hefði greiðst við gjaldþrotaskipti, nauðsynlegt hafi verið að greiða til að komast hjá tjóni eða sá sem greiðslu naut hafi hvorki vitað né mátt vita að komið hefði fram beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eða krafa um gjaldþrotaskipti. Fyrir liggur að umrædd greiðsla var greiðsla á skuld samkvæmt kaupsamningi aðila sem fór fram degi eftir gjalddaga eða 2. janúar 2009. Þá liggur fyrir að frestdagur er 15. desember 2008. Stefndi byggir á því að hann hafi verið grandlaus um fjárhagsstöðu stefnanda þegar hann hafi mótttekið greiðsluna, en stefnandi byggir á hinu gagnstæða. Í málinu liggur fyrir að stefndi sótti hluthafafund í stefnanda 17. október 2008 sem eigandi 1% hlutafjár í bankanum í gegnum félag sitt Obduro ehf. Fundargerð fundarins liggur fyrir í málinu og kemur þar m.a. fram að samþykkt hafi verið tillaga um breytingu á samþykktum um heimild bankaráðs til hlutafjrhækkunar. Ekki verður séð af fundargerð að á fundinum hafi komið fram upplýsingar um að bankinn væri á leið í slitameðferð. Eins og nánar er rakið hér að framan er unnt að verjast kröfu um riftun á greiðslu skuldar eftir fresttag hafi móttakandi greiðslunnar ekki vitað eða mátt vita að komið hafi fram beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eða krafa um gjaldþrotaskipti. Fyrir liggur að 2. janúar 2009 höfðu slíkar beiðnir ekki verið settar fram og verður að mati dómsins ekki talið unnt að leggja til grundvallar að stefndi hafi mátt vita af fyrirætlunum í þá veru. Liggur og fyrir að frestdagur við slitameðferð stefnanda er ákveðinn á grundvelli 5. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002 frá þeim tíma sem Fjármálaeftirlitið veitti stefnanda fyrst frest samkvæmt 4. mgr. 84. gr. sömu laga til að gefa honum kost á að lagfæra eiginfjárstöðu. Þessi frestur var fyrst veittur 15. desember 2008 og stóð til 28. janúar 2009. Fresturinn var svo ítrekað framlengdur þar til Fjármálaeftirlitið tók loks yfir vald hluthafafundar í stefnanda 21. mars 2009. Er það mat dómsins að ekki verði talið að stefnda sem eiganda 1% eignarhlutar í stefnanda hafi mátt vera orðið það ljóst 2. janúar 2009 að sá atburður hefði orðið sem jafna mætti til þess að komið hefði fram beiðni um greiðslustöðvun, heimild til nauðasamningsumleitana eða krafa um gjaldþrotaskipti á búi stefnanda. Eru því ekki efni til annars en að leggja til grundvallar að stefndi hafi verið grandlaus í skilningi umrædds lagaákvæðis og kemur þegar af þeirri ástæðu ekki til greina að rifta umræddri greiðslu á grundvelli þess eins og stefnandi

krefst.

Stefnandi byggir og á því að skilyrði 141. gr. laga nr. 21/1991 séu fyrir hendi í málinu. Í ákvæðinu greinir að krefjast megir riftunar ráðstafana sem á ótilhlýðilegan hátt séu kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, leiði til þess að eignir þrotamannsins verði ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leiði til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns, ef þrotamaðurinn var ógjaldfær eða varð það vegna ráðstöfunarinnar og sá sem hag hafði af henni vissi eða mátti vita um ógjaldfærni þrotamannsins og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin væri ótilhlýðileg. Hér að framan er því hafnað að umsamið endurgjald milli aðila hafi falið í sér örlætisgerning stefnda til hagsbóta. Verður því ekki talið að greiðsla samkvæmt samningi aðila degi eftir gjalddaga geti talist ótilhlýðileg í skilningi 141. gr. laga nr. 21/1991. Þá verður og að telja ósannað að stefnandi hafi orðið ógjaldfær vegna umræddrar ráðstöfunar og þá enn síður að stefndi hafi mátt vita að svo hafi verið. Eru þegar af framangreindum ástæðum ekki tilefni til að taka til greina riftunarkröfu stefnanda á grundvelli 141. gr. laga nr. 21/1991.

Sjónarmiðum um riftanleika á grundvelli 131. gr. laga nr. 21/1991 hefur þegar verið hafnað og eiga sömu sjónarmið við um þá greiðslu sem hér er sérstaklega fjallað um.

Með vísan til alls sem hér að framan greinir verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu.

Með hliðsjón af þessum málsúrslitum verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn, að meðtöldum virðisaukaskatti, sú fjárhæð sem nánar greinir í dómsorði. Hefur við þá ákvörðun verið tekið tillit til þess hagræðis sem hlotist hefur af því að málið hefur verið rekið samhliða máli nr. X-166/2011 milli sömu aðila.

Halldór Björnsson héraðsdómari, Ásmundur Helgason héraðsdómari og Ólafur Ísleifsson, lektor í hagfræði, kveða upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, Runólfur Ágústsson, er sýkn af kröfu stefnanda, SPB hf., í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 1.004.000 krónur í málskostnað.

Halldór Björnsson

Ásmundur Helgason

Ólafur Ísleifsson

